

Mánudaginn 22. dag janúarmán.

Nr. 4/1911:

Hlutfélagið Separator Depot,
Alpha Laval
gegn
hlutfélaginu Kaupfélagið Hekla.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði hlutfélagið Separator Depot Alpha Laval gegn kaupfélaginu Hekla á Eyrarbakka, til þess að fá það dæmt til að greiða sér skuld að upphæð kr. 4022,19. Var málið dæmt í gestarétti Árnes-sýslu hinn 17. jan. 1911 á þá leið, að hið stefnda kaupfélag var sýknað af öllum kröfum áfrýjanda og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu 20 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. febr. f. á., og hefir þess verið krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda hina umstefndu upphæð, kr. 4022,19, með 6% vöxtum frá 1. jan. 1908 til borgunardags, svo og málskostnað fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins. Af stefnda hálfu hefir þess hins vegar verið krafist, að gestardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Skuld þessa telur áfrýjandi svo til komna, að Gestur Einarsson bóndi á Hæli hafi árið 1904 fengið kaupfélaginu Heklu í hendur söluumboð á skilvindum, er hann hafði í umboðssölu fyrir hlutfélagið Separator Depot Alpha Laval, og hafði kaupfélagið jafnframt tekið við umboðssöluverum þeim, er Gestur hafði þá fyrirbyggjandi og selt þær, en í stað þess að greiða andvirði skilvindrinn

anna beina leið til eigendanna, hafi kaupfélagið greitt það í heimildarleysi til Gests. Samkvæmt viðskiftareikningi við kaupfélagið Heklu, sem áfrýjandi hefir lagt fram, hefir Gestur lagt inn í reikning sinn við kaupfélagið 12. júlí 1905, 10 skilvindur fyrir kr. 956,25 og 19. sept. s. á. 50 skilvindur fyrir kr. 4250,00, eða alls skilvindur fyrir kr. 5206,25. Þessa upphæð hefir umboðsmaður áfrýjanda fyrir undirrétti talið kaupfélaginu Heklu skylt að greiða h/f. Separator Depot, Alpha Laval, að frádragnum andvirði fyrir vörur, er Gestur Einarsson hafi fengið út í reikning sinn við kaupfélagið í septbr., oktbr. og nóvbr. mánuðum 1905, er nema samtals kr. 361,01, með því að heimild fyrir þeirri greiðslu til Gests kynni að geta talist sem falin í bréfi h/f. Sep. Dep., A. L. til Kristjáns Jóhannessonar, kaupfélagsstjóra Heklu, dags. 8. sept. 1905. Þegar þessar kr. 361,01 eru dregnar frá áður-nefndri upphæð, kr. 5206,25, verða eftir kr. 4845,24, er áfrýjandi telur kaupfélaginu Heklu til skuldar, en með því að fyrir vangá hefir eigi verið stefnt fyrir hærri upphæð en kr. 4022,19, þá verði eigi meira krafist í máli þessu.

Hin stefnda stjórn kaupfélagsins Heklu hefir hins vegar neitað því eindregið, að nefnt kaupfélag hafi tekið við nokkrum vörum af Gestu Einarssyni til umboðssölu fyrir h/f. Sep. Dep., A. L. og heldur því fram, að kaupfélagið Hekla hafi eigi komist í viðskiftasamband við Separator Depot Alpha Laval fyr en eftir að kaupfélaginu var veitt einkasala fyrir Árnes- og Rangárvallasýslu á skilvindum hlutafélagsins 3. marz 1906. Söluumboð það, sem kaupfélagsstjóri Heklu, Kristján Jóhannesson, fekk árið 1904, hafi verið veitt honum sjálfum en ekki kaup-

félaginu Heklu. Skilvindur þær, er Hekla fekk frá Gestu Einarssyni 1905, hafi Gestur haft í umboðssölu og honum jafnheimilt að taka við andvirði þeirra eins og kaupfélaginu Heklu að greiða honum það.

Skjöl málsins bera það með sér, að árið 1904 fekk Gestur Einarsson bóndi á Hæli skilvindur í umboðssölu hjá áfryjanda, hlutafélaginu Separator Depot, Alpha Laval, en 15. september s. á. skrifaði Kr. Jóhannesson, verzlunarstjóri kaupfélagsins Heklu, áfryjanda, tjáði honum, að Gestur Einarsson hefði falið sér sölu á skilvindum félagsins og sendi áfryjanda jafnframt skilagrein fyrir þeim vörum, sem hann hefði tekið á móti hjá Gestu. Með bréfi dags. 7. október s. á. samþykkti áfryjandi þetta, en samt sem áður verður ekki annað séð, en að áfryjandi hafi haldið áfram að hafa skilvindur í umboðssölu hjá Gestu Einarssyni. Hinn 28. janúar 1906 skrifaði áðurnefndur verzlunarstjóri Heklu, Kr. Jóhannesson, áfryjanda, tjáði honum, að það hefði orðið að samkomulagi milli Heklu og Gestu Einarssonar, að Hekla fengi söluumboð á skilvindum áfryjanda og fór hann jafnframt fram á það, að áfryjandi veitti Heklu einkasöluumboð fyrir Árnes- og Rangárvallasýslur á nefndum skilvindum. Með bréfi dags. 3. marz s. á. veittu svo áfryjendurnir Heklu hið umbeðna einkasöluumboð á skilvindum þeirra, en 26. s. m. ritaði Hekla áfryjendunum, að þeir tækju ekki við skilvindum þeim, sem Gestur Einarsson hefði undir höndum, heldur að eins þeim, sem Kr. Jóhannesson hefði haft undir höndum. Hinn 25. maí næst á eftir pantaði Hekla ýmsar skilvindutegundir hjá áfryjanda, og gat þess þá jafnframt, að af einni tegund, Viola, hefðu þeir nægar birgðir, þar eð þeir hefðu fengið 50 skilvind-

ur af þeirri tegund hjá Gestu Einarssyni; tók Hekla það fram í bréfinu, að andvirði fyrir skilvindur þessar hafi verið fært Gestu til tekna, og muni andvirði þeirra verða greitt honum jafnóðum og skilvindurnar seljist; en umræddar 50 skilvindur hafði kaupfélagið Hekla fengið hjá Gestu Einarssyni hinn 19. septbr. 1905. Út af skilvindum þessum, svo og 10 skilvindum, er Hekla hafði fengið hjá Gestu 12. júlí s. á., er mál þetta risið.

Milli málsaðila er ágreiningurinn um það, hvort það hafi verið Kristján Jóhannesson sjálfur eða kaupfélagið Hekla, er tók við söluumboði á skilvindum hlutafélagsins, Separator Depot Alpha Laval árið 1904, en þetta atriði virðist engu skifta um úrslit máls þessa, þar eð það er viðurkennt í málinu, að áfrýjanda hafa verið gjörð full skil fyrir skilvindum þeim, er Kr. Jóhannesson tók á móti hjá Gestu. Að því er snertir þær 10 skilvindur, sem færðar eru inn í reikning Gestu Einarssonar við Heklu 12. júlí 1905, hefir h/f. Separator Depot, Alpha Laval aldrei farið fram á að fá andvirði þeirra greitt til sín, eða einu sinni minst á þær í bréfum sínum, fyr en umboðsmaður þess í máli þessu í orði kveðnu hefir talið verð þeirra með í kröfu sinni gegn hlutafélaginu Heklu, en hefir hins vegar lagt aðaláherzluna á hinar 50 skilvindur, nefndar Violaskilvindur, er Hekla fekk hjá Gestu 19. septbr. 1905, og mál þetta aðallega snýst um. En um þessar 50 skilvindur er það að segja, að svo sem fram hefir verið tekið, skýrði Hekla, eftir að hún hafði fengið umboðssölu á skilvindum h/f. Separator Depot, Alpha Laval, nefndu hlutafélagi frá því í bréfi, dags. 25. maí 1906, í sambandi við pöntun á ýmsum skilvindutegundum, að hún hefði nægar birgðir af Violategundinni, með

Því að Hekla hefði fengið 50 af þeirri tegund frá Gesti, og tók það jafnframt fram berum orðum, að honum hefði verið færðar þær til tekna, og að hann tæki við verði þeirra jafnóðum og þær seldust. Með sama bréfi sendi Hekla yfirlit yfir viðskifti sín við h/f. Separator Depot, Alpha Laval frá upphafi til þess dags. Þessu bréfi svaraði hlutafélagið Separator Depot, Alpha Laval 18. júlí s. á. á þá leið, að það hefði yfirfarið reikningana og telji þá rétta, en gerir enga athugasemd við það, að Gesti Einarssyni verði greitt andvirðið fyrir umræddar 50 Violaskilvindur. Leið svo fram til ársins 1908. Á því tímabili átti kaupfélagið Hekla stöðug viðskifti við h/f. Separator Depot, Alpha Laval og voru reikningar samdir og samþykktir við árslokin 1906 og 1907, án þess að þessar 50 skilvindur frá Gesti væru teknar í reikningana eða á þær minnst af hálfu h/f. Separator Depot, Alpha Laval, að það hefði nokkra kröfu á hendur Heklu út af þessum skilvindum, þar til er yfirréttarmálaflutningsmaður Sveinn Björnsson skýrir frá því í bréfi til verzlunarstjóra Kr. Jóhannessonar 24. júní 1908, að Hekla verði krafín um andvirði oftnefndra 50 skilvindna, og er þeirri kröfu síðan haldið fram af hálfu h/f. Separators Depot, Alpha Laval, en með því þannig í full 2 ár að láta fyrirfarast að hefja andmæli gegn því, að andvirði véla þessara væri greitt Gesti Einarssyni, verður að fallast á það, að h/f. Separator Depot, Alpha Laval, hafi gefið hlutafélaginu Heklu fulla ástæðu til þess að ætla, að hlutafélagið tæki þennan greiðslumáta gildan, og afleiðingin af þessu tómlæti áfryjanda verður sú, að hann hefir fyrirgjört rétti sínum til þess nú, eftir að Hekla er búin að greiða andvirði skilvindranna til Gestis Einarssonar, að fá andvirði

vélanna greitt beint til sín, þótt það, sem eigandi umræddra véla, upprunalega hefði átt heimting á því. Umboðsmaður áfrýjanda heldur því fram hér fyrir réttinum, að Gestur Einarsson hafi ætlast til þess, að Hekla greiddi andvirði skilvindnanna beint til h/f. Separator Depot, Alpha Laval, og að Hekla hafi enga heimild haft til þess að nota andvirði vélanna til skuldajafnaðar á verzlunarreikningi hans við kaupfélagið, en fullyrðing þessari hefir verið mótmælt af stefnda, og styðst ekki við neitt, sem fram er komið í málinu, enda er því ekki einu sinni haldið fram, að Gestur hafi hafið nein mótmæli gegn greiðslumáta kaupfélagsins, en eftir því sem fyrir liggur verður að álíta, að honum hafi verið fullkunnugt um það, að andvirði vélanna var fært honum til tekna í viðskiftareikningi hans við Heklu.

Samkvæmt framansögðu verður yfirdómurinn að fallast á það, að hið stefnda kaupfélag hefir verið sýknað af kröfum áfrýjanda, og þar sem yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, hlutafélagið Seperator Depot, Alpha Laval, greiði stefnda, kaupfélaginu Heklu, 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 50/1911:

Björn Gíslason

gegn

Einari M. Jónassyni.

D ó m u r.

Mál þetta höfðaði stefndi, yfirréttarmálaflutningsmaður Einar M. Jónasson, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Birni Gíslasyni, útgerðarmanni, fyrir ærumeiðingar í grein með nafni áfrýjanda undir, er birtist í Þjóðólfi 21. tbl. 63. árgangs hinn 27. maí f. á. með yfyrskriftinni »Aðsent«, og var málið dæmt í nefndum rétti 5. okt. f. á., þannig, að flest hin átöldu ummæli í blaðgreininni voru dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi dæmdur fyrir þau samkvæmt 217. gr. sbr. 218. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga í 200 kr. sekt til landsjóðs, eða til vara í 50 daga einfalt fangelsi, svo skyldi og áfrýjandi greiða stefnda 1000 kr. í skaðabætur fyrir traustspjöll og í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 24. okt. f. ár, og hefir hann krafist þess, að hann verði algjörlega syknaður í málinu af kær-um og kröfum stefnda, en stefndi dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, eða til vara að málskostnaður verði látinn falla niður. Hinn